Sveitarstjórnirnar tvær ákveða fjölda kjördeilda og kjósa sameiginlega þrjá fulltrúa í yfirkjörstjórn og þrjá til vara.

Nafn hins nýja sveitarfélags verður auglýst sérstaklega, að fenginni staðfestingu ráðuneytisins.

Félagsmálaráðuneytinu, 17. apríl 2002.

Páll Pétursson.

Guðjón Bragason.

Nr. 321 19. apríl 2002

SAMÞYKKT

um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Austur-Héraðs, nr. 350/1999, með síðari breytingum.

1. gr.

Í stað „9“ í 1. gr. samþykktarinnar kemur: 7.

Samþykkt þessi, sem bæjarstjórn Austur-Héraðs hefur sett samkvæmt ákvæðum 10. og 25. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, staðfestist hér með til að öðlast gildi að loknum sveitarstjórnarkosningum 2002.

Félagsmálaráðuneytinu, 19. apríl 2002.

F. h. r.
Hermann Sæmundsson.

Guðjón Bragason.

Nr. 322 11. apríl 2002

REGLUGERÐ

um útstreymisbókhald.

1. gr.

Markmið.

Markmið reglugerðar þessarar er að safna samanburðarhæfum upplýsingum um útstreymi mengunarefna frá tiltekinni starfsemi og gera kleyft að birta þær í samevrópskri skýrslu þannig að upplýsingarnar séu aðgengilegar almenningi og fyrirtækjum í Evrópu.

2. gr.

Gildissvið.

Reglugerð þessi gildir um skráningu upplýsinga um losun efna í vatn og í andrúmsloft frá fyrirtækjum sem falla undir I. viðauka með reglugerð um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun, nr. 785/1999, með síðari breytingum og reglugerð um mengunarvarnaeftirlit, nr. 786/1999, með síðari breytingum.

3. gr.

Skýrslugjöf.

Fyrirtækjum sem falla undir I. viðauka með reglugerð nr. 785/1999 um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur sem getur haft í för með sér mengun og reglugerð nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit ber að skila til Hollustuverndar ríkisins og eftirlitsaðila upplýsingum um losun mengandi efna frá hverri starfsstöð fyrirtækisins, þar sem losun efna frá starfsstöðinni er yfir þeim mörkum sem tilgreind eru í viðauka A1 í reglugerð þessari.

Upplýsingunum skal skila til Hollustverndar ríkisins fyrir 1. mars ár hvert fyrir næsta almanaksár á undan, fyrst árið 2003, næst árið 2005 og síðan árlega frá árinu 2007.

Upplýsingunum ber að skila á skýrsluformi sem birt er í viðauka A2. Hollustuvernd ríkisins skal leggja til rafrænt skýrsluform þar sem fram koma þær lágmarksupplýsingar sem hver flokkur fyrirtækja á að skila inn. Nota skal upplýsingar í viðauka A3 eftir því sem við á í skýrslunum.

4. gr.

Eftirlit.

Hollustuvernd ríkisins ber að sjá um að ákvæðum reglugerðar þessarar sé framfylgt.

5. gr.

Valdsvið og þvingunarúrræði.

Til að knýja á um ráðstafanir samkvæmt reglugerð þessari skal fylgja þeim þvingunarúrræðum sem mælt er fyrir um í IX. kafla reglugerðar nr. 786/1999 um mengunarvarnaeftirlit. Að öðru leyti gilda um valdsvið og þvingunarúrræði ákvæði VI. kafla laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

6. gr.

Viðurlög.

Mál sem kunna að rísa út af brotum á reglugerð þessari varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða stórfelldu gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að fjórum árum.

Sektir má ákvarða lögaðila þó að sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann.

7. gr.

Lagastoð og gildistaka.

Reglugerð þessi er sett með stoð í 5. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir, nr. 7/1998, með síðari breytingum.

Einnig er höfð hliðsjón af ákvæðum tl. 2.g og 2.ga í XX. viðauka samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, tilskipun 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit og ákvörðun 2000/479/EB.

Reglugerðin öðlast gildi nú þegar.

Umhverfisráðuneytinu, 11. apríl 2002.

F. h. r.

Magnús Jóhannesson.

Ingimar Sigurðsson.

VIÐAUKI A1

Skrá yfir mengunarefni sem skylt er að geta í skýrslum ef farið er yfir viðmiðunargildi.

Mengunarefni/efni	Sanngreining	Loft	Vatn	Viðmiðunargildi fyrir loft, kg/ár	Viðmiðunargildi fyrir vatn, kg/ár
1. **Umhverfisþættir**	(13)	(11)	(2)		
CH_4		x		100 000	
CO		x		500 000	
CO_2		x		100 000 000	
Vetnisflúorkolefni (HFC)		x		100	
N_2O		x		10 000	
NH_3		x		10 000	
Rokgjörn, lífræn efnasambönd önnur en metan (NMVOC)		x		100 000	
NO_x	sem NO_2	x		100 000	
Flúorkolefni (PFC)		x		100	
SF_6		x		50	
SO_x	sem SO_2	x		150 000	
Samtals – köfnunarefni	sem N		x		50 000
Samtals – fosfór	sem P		x		5 000
2. Málmar og málmsambönd	(8)	(8)	(8)		
As og efnasambönd þess	samtals, sem As	x	x	20	5
Cd og efnasambönd þess	samtals, sem Cd	x	x	10	5
Cr og efnasambönd þess	samtals, sem Cr	x	x	100	50
Cu og efnasambönd hans	samtals, sem Cu	x	x	100	50
Hg og efnasambönd þess	samtals, sem Hg	x	x	10	1
Ni og efnasambönd þess	samtals, Ni	x	x	50	20
Pb og efnasambönd þess	samtals, sem Pb	x	x	200	20
Zn og efnasambönd þess	samtals, sem Zn	x	x	200	100
3. Lífræn klórsambönd	(15)	(12)	(7)		
Díklóretan-1,2 (DCE)		x	x	1 000	10
Díklórmetan (DCM)		x	x	1 000	10
Klóralkön (C10-13)			x		1
Hexaklórbensen (HCB)		x	x	10	1
Hexaklórbútadíen (HCBD)			x		1
Hexaklórsýklóhexan (HCH)		x	x	10	1
Lífræn halógensambönd	sem aðseyg, lífræn halógensambönd (AOX)		x		1 000
Fjölklóruð díbensódíoxín (PCDD) + fjölklóruð díbensófúrön (PCDF)	sem eiturefnaeiningar (Teq)	x		0,001	
Pentaklórfenól (PCP)		x		10	
Tetraklóretýlen (PER)		x		2 000	
Tetraklórmetan (TCM)		x		100	
Tríklórbensen (TCB)		x		10	
Tríklóretan-1,1,1 (TCE)		x		100	
Tríklóretýlen (TRI)		x		2 000	
Tríklórmetan		x		500	
4. **Önnur lífræn efnasambönd**	(7)	(2)	(6)		
Bensen		x		1 000	
Bensen, tólúen, etýlbensen, xýlen	sem BTEX		x		200
Brómaður difenýletri			x		1
Lífræn tinsambönd	samtals, sem Sn		x		50
Fjölhringa, arómatísk vetniskolefni		x	x	50	5

Mengunarefni/efni	Sanngreining	Loft	Vatn	Viðmiðunargildi fyrir loft, kg/ár	Viðmiðunargildi fyrir vatn, kg/ár
Fenól	samtals, sem C eða efnafræðileg súrefnisþörf/3 (COD/3)		x		20
Heildarmagn lífræns kolefnis (TOC)	samtals, sem C eða efnafræðileg súrefnisþörf/3		x		50 000
5. **Önnur efnasambönd**	(7)	(4)	(3)		
Klóríð	samtals, sem Cl		x		2 000 000
Klór og ólífræn klórsambönd	sem HCl	x		10 000	
Sýaníð	samtals, sem CN		x		50
Flúoríð	samtals, sem F		x		2 000
Flúor og ólífræn flúorsambönd	sem HF	x		5 000	
HCN		x		200	
Ryk (PM10)		x		50 000	
Fjöldi mengunarefna	50	37	26		

VIÐAUKI A2

Snið fyrir skýrslu aðildarríkjanna um losun mengunarefna.

Lýsing á starfsstöðinni		
Heiti móðurfélags Heiti starfsstöðvarinnar Aðsetur eða aðsetursborg starfsstöðvarinnar Póstnúmer/land Staðsetningarhnit NACE-kóði (4 tölustafir) Mikilvægasta starfsemi Framleiðslumagn (valkvætt) Eftirlitsyfirvald (valkvætt) Fjöldi stöðva (valkvætt) Fjöldi klukkustunda á ári í rekstri (valkvætt) Fjöldi starfsmanna (valkvætt)		
Öll starfsemi eða ferli skv. I. viðauka (í samræmi við viðauka A3)		**Kóðar yfir starfsemi (NOSE-P, ? 5 tölustafir, í samræmi við viðauka A3)**
Starfsemi 1 (meginstarfsemi skv. I. viðauka) Starfsemi 1 (meginstarfsemi skv. I. viðauka) Starfsemi N		Kóði 1 (NOSE-P-meginkóði) Kóði 1 (NOSE-P-meginkóði) Kóði N
Upplýsingar um losun starfsstöðvarinnar í andrúmsloft fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (samkvæmt viðauka A1)		**Losun í andrúmsloft**
Mengunarefni 1 Mengunarefni 1 Mengunarefni N	M: mælt C: reiknað E: áætlað	kg/ár

Upplýsingar um losun (beina eða óbeina) starfsstöðvarinnar í vatn fyrir hvert mengunarefni sem fer yfir viðmiðunargildi (í samræmi við viðauka A1)		**Bein losun í yfirborðsvatn**	**Óbein losun sem verður við flutning (um fráveitu) til skólphreinsistöðvar utan starfsstöðvarinnar**
Mengunarefni 1 Mengunarefni 1 Mengunarefni N	M: mælt C: reiknað E: áætlað	kg/ár	kg/ár
Sendingardagur skýrslu til framkvæmdastjórnarinnar			
Tengiliður í aðildarríkinu Símanúmer Bréfasími Tölvupóstfang			

VIÐAUKI A3

Upptakaflokkar og NOSE-P-kóðar sem koma skulu fram í skýrslum.

IPPC	**Starfsemi skv. I. viðauka (upptakaflokkar)**	**NOSE-P**	**NOSE-P-ferli (skipting eftir NOSE-P-hópum)**	**SNAP 2**
1.	**Orkuiðnaður**			
1.1.	Brennslustöðvar > 50 MW	101.01	Brunaferli > 300 MW (allur hópurinn)	01-0301
		101.02	Brunaferli > 50 og < 300 MW (allur hópurinn)	01-0301
		101.04	Bruni í gashverflum (allur hópurinn)	01-0301
		101.05	Bruni í staðbundnum hreyflum (allur hópurinn)	01-0301
1.2.	Jarðolíu- og gashreinsunarstöðvar	105.08	Vinnsla jarðolíuvara (framleiðsla eldsneytis)	0401
1.3.	Koksofnar	104.08	Koksframleiðsluofnar (framleiðsla á koksi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti)	0104
1.4.	Iðjuver þar sem kolagösun og þétting fer fram	104.08	Önnur vinnsla úr föstu eldsneyti (framleiðsla á koksi, olíuvörum og kjarnorkueldsneyti)	0104
2.	**Framleiðsla og vinnsla málma**			
2.1./2.2./2.3./ 2.4./2.5./2.6.	Málmiðnaður og stöðvar þar sem málmgrýti er hreinsað með bruna og glæðingu Stöðvar þar sem járn og aðrir málmar eru unnir	104.12	Vinnsla málma og fylgimálma eða glæðingarverksmiðjur (málmiðnaður þar sem eldsneyti er brennt)	0303
		105.12	Ferli sem eru sérstök fyrir framleiðslu málma og málmafurða (málmiðnaður)	0403

IPPC	Starfsemi skv. I. viðauka (upptakaflokkar)	NOSE-P	NOSE-P-ferli (skipting eftir NOSE-P-hópum)	SNAP 2
		105.01	Yfirborðsmeðferð málma og plasts (almenn framleiðsluferli)	
3.	**Steinefnaiðnaður**			
3.1./3.3./3.4./ 3.5.	Stöðvar þar sem framleiðsla á sementsgjalli (> 500 t/dag), kalki (> 50 t/dag), gleri (> 20 t/dag), steinefnum (> 20 t/dag) eða leirvörum (> 75 t/dag) fer fram	104.11	Framleiðsla á gifsi, asfalti, steinsteypu, sementi, gleri, trefjum, músteini, þaksteini eða leirvörum (steinefnaiðnaður þar sem eldsneyti er brennt)	0303
3.2.	Stöðvar þar sem framleiðsla á asbesti og vörum, sem eru asbest að stofni til, fer fram	105.11	Framleiðsla á asbesti og vörum sem eru asbest að stofni til (steinefnaiðnaður)	0406
4.	**Efnaiðnaður og efnaverksmiðjur sem framleiða:**			
4.1.	Lífræn hráefni	105.09	Framleiðsla á lífrænum efnum (efnaiðnaður)	0405
		107.03	Framleiðsla á lífrænum vörum sem eru að stofni til úr leysum (notkun leysa)	0603
4.2./4.3.	Ólífræn hráefni eða tilbúinn áburð	105.09	Framleiðsla á ólífrænum efnum eða NPK-áburði (efnaiðnaður)	0404
4.4./4.6.	Sæfiefni og sprengiefni	105.09	Framleiðsla á sæfiefnum eða sprengiefnum (efnaiðnaður)	0405
4.5.	Lyfjavörur	107.03	Framleiðsla á lyfjavörum (notkun leysa)	0603
5.	**Meðhöndlun úrgangs**			
5.1./5.2.	Stöðvar þar sem tekið er á móti hættulegum úrgangi til förgunar eða endurheimtu (> 10 t/dag) eða tekið er á móti húsasorpi til förgunar eða endurheimtu (> 3 t/klst.)	109.03	Brennsla hættulegs úrgangs eða húsasorps (brennsla og hitasundrun úrgangs)	0902
		109.06	Urðunarstaðir (förgun fasts úrgangs á landi)	0904
		109.07	Eðlisefnafræðileg og lífræn meðhöndlun úrgangs (annars konar meðhöndlun úrgangs)	0910
		105.14	Endurnýting úrgangsefna (endurvinnsla)	0910
5.3./5.4.	Stöðvar þar sem tekið er á móti hættulitlum úrgangi til förgunar (> 50 t/dag) eða urðunar (> 10 t/dag)	109.06	Urðunarstaðir (förgun fasts úrgangs á landi)	0904
		109.07	Eðlisefnafræðileg og lífræn meðhöndlun úrgangs (annars konar meðhöndlun úrgangs)	0910
6.	**Önnur starfsemi samkvæmt I. viðauka**			
6.1.	Iðjuver þar sem pappírsdeig er framleitt úr viði eða öðrum trefjakenndum efnum og pappír eða pappi er framleiddur (> 20 t/dag)	105.07	Framleiðsla á pappírsdeigi, pappír og pappírsvörum (allur hópurinn)	0406
6.2.	Stöðvar þar sem formeðferð á trefjum eða textílefnum fer fram (> 10 t/dag)	105.04	Framleiðsla á textílefnum og textílvörum (allur hópurinn)	0406
6.3.	Stöðvar þar sem sútun á húðum og skinnum fer fram (> 12 t/dag)	105.05	Framleiðsla á leðri og leðurvörum (allur hópurinn)	0406
6.4.	Sláturhús (> 50 t/dag), mjólkurbú (> 200 t/dag), önnur hráefni dýrakyns (> 75 t/dag) eða jurtakyns (> 300 t/dag)	105.03	Framleiðsla á matvælum og drykkjarvörum (allur hópurinn)	0406
6.5.	Stöðvar þar sem tekið er móti hræjum dýra og dýraúrgangi til förgunar eða endurvinnslu (> 10 t/dag)	109.03	Brennsla dýrahræja og dýraúrgangs (brennsla og hitasundrun úrgangs)	0904

IPPC	Starfsemi skv. I. viðauka (upptakaflokkar)	NOSE-P	NOSE-P-ferli (skipting eftir NOSE-P-hópum)	SNAP 2
		109.06	Urðunarstaðir (förgun fasts úrgangs á landi)	0904
		105.14	Endurvinnsla dýrahræja og dýraúrgangs (endurvinnsla)	0910
6.6.	Stöðvar fyrir alifugla (> 40 000), svín (> 2 000) eða eingöngu gyltur (> 750)	110.04	Iðragerjun (allur hópurinn)	1004
		110.05	Meðhöndlun húsdýraáburðar (allur hópurinn)	1005
6.7.	Stöðvar þar sem lífrænir leysar (> 200 t/ár) eru notaðir við yfirborðsmeðferð eða í vörur	107.01	Notkun málningar (notkun leysa)	0601
		107.02	Fituhreinsun, þurrhreinsun og rafeindatækni (notkun leysa)	0602
		107.03	Fullvinnsla textílefna eða sútun á leðri (notkun leysa)	0603
		107.04	Prentiðnaður (notkun leysa)	0604
6.8.	Stöðvar þar sem kolefni eða grafít er framleitt	105.09	Framleiðsla á kolefni eða grafíti (efnaiðnaður)	0404

VIÐAUKI A4

Skilgreiningar notaðar í tengslum við evrópska skrá yfir losun mengandi efna (EPER).

Hugtak	Merking
IPPC-tilskipun	Tilskipun ráðsins 96/61/EB um samþættar mengunarvarnir og eftirlit með mengun
Stöð	Staðbundin tæknieining þar sem fram fer ein eða fleiri tegundir starfsemi sem er getið í I. viðauka við IPPC-tilskipunina og öll önnur starfsemi er gæti haft áhrif á losun og mengun og tengist með beinum og tæknilegum hætti þeirri starfsemi sem fram fer á staðnum
Starfsemi skv. I. viðauka	Starfsemi sem er tilgreind í I. viðauka við IPPC-tilskipunina 96/61/EB og tekin saman og tilgreind í viðauka A3
EPER	Evrópsk skrá yfir losun mengandi efna
Mengunarefni	Einstök efni eða hópur efna sem eru tilgreind í viðauka A1
Efni	Öll frumefni og efnasambönd þeirra, að undanskildum geislavirkum frumefnum
Losun	Bein losun mengunarefnis í vatn eða andrúmsloft, svo og óbein losun sem verður við flutning til skólphreinsistöðvar utan starfsstöðvarinnar
Starfsstöð	Iðnfyrirtæki þar sem er ein eða fleiri stöðvar eru reknar á sama stað og einn rekstraraðili annast eina eða fleiri tegundir starfsemi skv. I. viðauka
Staður	Landfræðileg staðsetning starfsstöðvarinnar
Skýrslugjafarferli	Heildarferli skýrslugjafar, bæði öflun gagna, sannprófun þeirra, afhending, umsýsla og miðlun til annarra
NACE-kóði	Staðlað flokkunarkerfi fyrir atvinnugreinar
NOSE-P-kóði	Staðlað flokkunarkerfi fyrir upptök mengandi losunar